



Fréttabréf FFA - nóvember 2024

Það rættist úr veðrinu í október. Fjórar Góðviðrisgöngur voru farnar og var þátttaka góð. Þetta tilrauna-
verkefni ferðanefndar tókst vel og verður að öllum líkindum endurtekið að ári. Nokkrar myndir:



Vinna við ferðaáætlun FFA er í fullum gangi. Stefnt er að því að birta hana á heimasíðu FFA í byrjun
desember. Ef þið hafið hugmyndir um ferðir eða nýja fararstjóra, sendið þá póst til ffa@ffa.is.

Breyting á opnunartíma skrifstofu FFA: Í nóvember og fram til 15. desember verður skrifstofa FFA opin á
þriðjudögum, fimmtudögum og föstudögum kl. 11-13. Frá 15. des. til 2. janúar verður skrifstofan lokuð.
Alltaf er hægt að senda tölvupóst á ffa@ffa.is eða formadur@ffa.is.

Opið hús verður 7. nóvember kl. 20 í húsnæði FFA Strandgötu 23. Hermann frá Hvarfi segir frá fjalla-
ferðum sínum í máli og myndum og ekki vonlaust að með fylgi einhverjar frásagnir frá fyrri tíð.

Nýr samstarfsaðili hefur bæst við þá sem veita félagsmönnum FFA afslátt, ný verslun að
Strandgötu 19, Jacobsen verzlun, sjá nánar á heimasíðu FFA undir

[Gerast félagi](#)

***Svo til ykkar sem eigið eftir að sækja Árbókina og Ferðir 2024. Þið getið komið við á á skrifstofu FFA,
Strandgötu 23 á þriðjudögum, fimmtudögum og föstudögum
milli kl. 11 og 13 í nóvember.***

Ef þið viljið láta keyra hana til ykkar sendið okkur þá línu á ffa@ffa.is